

mars 2011

201. mál

Alþingi

Erindi nr. P 139/SS1

komudagur 2.3.2011

UST

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
Alfréd Schiöth,
heilbrigðisfulltrúi
Glerárgötu 26
600 Akureyri

Reykjavík, 12. apríl 2006
Tilvísun: UST20051200126/hg

Állt Umhverfisstofnunar á starfsleyfisskyldu kræklingaræktar í Eyjafirði.

Umhverfisstofnun hefur til skoðunar hvort kræklingaeldi eins og stundað er af Norðureköl ehf. í Eyjafirði sé starfsleyfisskyld starfsemi. Stofnunin hefur áður fengið slíkar fyrirspurnir óformlega, en stofnunin hefur ekki áður fjallað formlega um þetta mál.

Kræklingaeldi byggir á því að við botnfestar eru lagðir út leiðarar sem á eru festir safnarar fyrir lírfur kræklingansins. Ekki er um neina föðrun að ræða, en talsverð mannvirki sem fest eru í botni og fljóta í yfirborði sjávar. Í málstöfnunum veðrum geta leiðararnir og safnararnir slitnað af festum og fallið til botns, og myndað staðbundna mengun. Eins falla skeljar, dauðar eða lífandi, af söfnunum og hlaðast upp á sjávarbotninum undir leiðurunum. Mannvirkin sem slík geta einnig haft sjónræn áhrif og eins verður að tilkynna sjófarendum um staðsetningu kræklingamannvirkjana til að koma mögi í veg fyrir slyshættu.

Umhverfisstofnun hefur hingað til talið að kræklingaeldi sé starfsleyfisskyld starfsemi, og falli undir lið 6.13 í fylgiskjali 2 með reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Það má þó fara fyrir því rök að söfnun kræklingalífra á kaðla við hentugar aðstaður sé eitt form af fiskveiðum og því ekki starfsleyfisskyld starfsemi. Aftur á móti er ljóst að ákveðin starfsemi tengd kræklingasöfnuninni er leyfisskyld á sama hátt og fiskvinnsla, s.s. aðstaða og vinnsla í landi og uppsöfnun skelja í tengslum við vinnsluna. Sjónræn áhrif af kræklingaeldinu og staðsetning með tilliti til sjófarenda eru aftur á móti atriði sem ekki falla undir reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Það eru því rök bæði með og á móti starfsleyfisskyldu kræklingaeldis.

UST

Samkvæmt ákvæðum 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37 frá 1993 skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði sem að er stofnt verður ekki náð með öðru og vægara móti og skal þess gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til. Í samræmi við framangreint mætur Umhverfisstofnun það svo að söfnun kræklingalirfa og kræklingaeldi sé ekki starfsleyfisþykki starfssemi.

Virðingarfyllt
f.h. Umhverfisstofnunar

Sigurbjörg Guðadóttir
Sigurbjörg Guðadóttir
forstöðumaður
stjórnsýslusviðs

Heiðrun Guðmundsdóttir
Heiðrun Guðmundsdóttir
sérfræðingur

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
Sigríður Norðmann
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

SÁVAÐINGARSKÝL LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI	
Skj. n.	872
Innk.	10. DEŚ. 2008
Ábyr.	SN
SLR	08120087



Hafnarfjörður, 05.12.2008

Í meðfylgjandi álitni Umhverfisstofnunar, dags. 12. apríl 2006 varðandi starfsleyfisskyldu kræklingaræktar í Eyjafirði er fjallað formlega um hvort kræklingaeldi sé starfsleyfisskyld starfsemi. Þar kemur fram að færa megi rök bæði með og á móti því að kræklingaeldi sé starfsleyfisskyld starfsemi. Þá segir í álitinu að skv. ákvæðum 12. gr. stjórnáskýlulaga nr. 37/1993 skuli aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði sem að sé stefnt verði ekki náð með öðru og vægara móti og skuli þess gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn beri til. Í samræmi við framangreint meti Umhverfisstofnun það svo að söfnun kræklingalirfa og kræklingaeldi sé ekki starfsleyfisskyld starfsemi.

Eins og ráðuneytinu er kunnugt gefur Fiskistofa út rekstrarleyfi í fiskeldi á grundvelli laga nr. 71/2008, um fiskeldi. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi, sbr. 9. tl. 3. gr. reglugerðar nr. 238/2003, um eldi nytjastofna sjávar, skal starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir að fylgja umsókn um rekstrarleyfi í fiskeldi. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 71/2008 skal Fiskistofa gefa út rekstrarleyfi til fiskeldis telji stofnunin að umsókn fullnægi skilyrðum þeim er sett eru í lögnum.

Í 2. gr. laga nr. 71/2008 segir að löggin taki til eldis vatnafiska og nytjastofna sjávar á íslensku forráðasvæði. Kræklingur telst til nytjastofna sjávar og þarf samkvæmt því rekstrarleyfi Fiskistofu til að stunda kræklingarækt. Í ofangreindum lögum og reglugerð er ekki að finna sérákvæði varðandi forsendur fyrir útgáfu rekstrarleyfis til kræklingaeldis sem sýnast geta haft þýðingu í þessu sambandi

Í ljósi ofanefnds álits Umhverfisstofnunar og tilvitnaðara ákvæða í lögum nr. 71/2008 og reglugerð nr. 283/2003, óskar Fiskistofa eftir álitni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins á því hvort Fiskistofu beri að túlka umrædd ákvæði svo að stofnunni sé heimilt að gefa út rekstrarleyfi fyrir kræklingarækt án þess að fyrir liggji gilt starfsleyfi Umhverfisstofnunar fyrir starfseminni.

Meðfylgjandi er afrit af tilvitnuðu álitni Umhverfisstofnunar frá 12. apríl 2006.

F. h. Fiskistofu

Helga Sigurrós Valgeirsdóttir
Helga Sigurrós Valgeirsdóttir